

# Þjóðarhöll í Laugardal

## Yfirlýsing aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Þróttar

Í síðustu viku undirrituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, viljayfirlýsingu um byggingu nýrrar þjóðarhallar í innanhúsiþróttum.

Í kjölfarið af framangreindri undirritun hefur víða verið óskað eftir afstöðu félagsins og vill aðalstjórn því koma henni á framfæri.

Það er fagnaðarefni að nú sé komin hreyfing á mikilvæga uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal sem langflest eru komin til ára sinna og uppfylla ekki nútíma kröfur. En þó Þróttur fagni allri uppbyggingu og framþróun íþróttanna í Laugardal er það áfram skýr afstaða félagsins að heppilegra hefði verið fyrir félögin og skóla í Laugardalnum að byggt yrði sérstakt hús fyrir íþróttastarf barna og unglunga og til íþróttakennslu. Óljós viljayfirlýsing verður ekki ein og sér til að létta áhyggjur íbúa í Laugardal um að sú hætta sé áfram raunveruleg, að enn ein kynslóð barna í Laugardal muni alast upp án þess að hafa fullnægjandi aðgang að íþróttahúsi.

Forsvarsmenn Þróttar hafa í mörg undanfarin ár barist fyrir því í félagi við Ármennina að aðstaða félaganna sem eru lang stærstu notendur íþróttamannvirkja í Laugardal, verði bætt enda hafa þessi félög setið á hakanum í Reykjavík og aðstaða þeirra verið mun lakari en flestra annarra félaga. Það er því jákvætt skref að borgarstjóri hefur nú talað skýrt um sína framtíðarsýn fyrir félögin, þ.e. að Þróttur og Ármann fái Laugardalshöll út af fyrir sig með órofin æfingatíma og fyrsta flokks umgjörð.

Á hitt verður þó að líta, að uppbygging þjóðarhallar er á byrjunarreit þar sem þarfagreining, skipulagsvinna, hönnun og kostnaðarskipting milli ríkis og borgar liggur ekki fyrir né hefur verið tekin ákvörðun um rekstrarfyrirkomulagið. Þá liggur fyrir að tímalína verkefnisins er „ansi brött“ eins og borgarstjóri nefnir og sennilega má telja hana óraunhæfa. Þetta rýrir trúverðugleika verkefnisins og kann að hafa skaðleg áhrif á starfsemi Þróttar og Ármanns næstu árin, að því gefnu að rekstur Laugardalshallar verði óbreyttur á byggingartíma þjóðarhallar.

Aðalstjórn Þróttar mun að sjálfsögðu setjast að samningaborði með Reykjavíkurborg og freista þess að tryggja félaginu fullnægjandi framtíðaraðstöðu á grundvelli fyrrnefndrar yfirlýsingar en í því sambandi er rétt að ítreka eftirfarandi:

- Þróttur hefur lagt og mun áfram leggja áherslu á að sú aðstaða sem félagið fær, verði á forræði þess og þar verði ekki aðrir með óskylda starfsemi sem hindrað geti æfingar og keppni á vegum félagsins.
- Þróttur mun gera þá kröfu að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á Laugardalshöll svo hún geti þjónað börnum og unglungum.
- Gerð verður sú krafa að gildandi rekstrarsamningi við Íþrótt- og sýningarhöllina sem nú rekur Laugardalshöllina, verði sagt upp þegar í stað og viðburðir á hennar vegum flytjast annað, enda fari Laugardalshöllin undir starfsemi íþróttafélaganna eins og lofað hefur verið.
- Aðalstjórn Þróttar óskar eftir því að gengið verði strax til viðræðna við félagið um afnot af Laugardalshöll og að gert verði bindandi samkomulag sem tryggir félaginu alla þá æfingatíma fyrir innanhúsgreinar sem það þarf til fyrirsjáanlegrar framtíðar, bæði í Laugardalshöll og nýrri þjóðarhöll.

Taki borgarstjóri vel í kröfur Þróttar um aðgengi félagsins að Laugardalshöll og þjóðarhöll, þá er aðalstjórn Þróttar tilbúin að veita alla þá aðstoð og allt það samstarf sem þarf til að farsæl lausn fái stöðumálum inniþróttanna og skóla í Laugardal.

Fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Þróttar

Bjarnólfur Lárusson, formaður

Nánari upplýsingar: Bjarnólfur Lárusson, s. 844-4783